

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

Efnisyfirlit

STAÐA OG STEFNA	2
Hlutverk Öldrunarheimila Akureyrar	2
Gildi Öldrunarheimila Akureyrar eru grundvölluð á Eden hugmyndafræðinni	2
Framtíðarsýn Öldrunarheimila Akureyrar:	3
Stefna Öldrunarheimila Akureyrar og langtímaáherslur:	3
Stefnumið Öldrunarheimila Akureyrar:	3
Stefnumið 1 - Þjónusta	3
Framkvæmd:.....	3
Markmiðasetning:	4
Stefnumið 2 - Mannauður	4
Framkvæmd:.....	4
Markmiðasetning:	5
Stefnumið 3 - Rekstur	5
Framkvæmd:.....	5
Markmiðasetning:	5
Stefnumið 4 - Stöðug þróun	6
Framkvæmd:.....	6
Markmiðasetning:	6
Skorkort Öldrunarheimila Akureyrar	7
Vinnuferli, afgreiðsla og breytingar	8
Kynning og dreifing	8

STAÐA OG STEFNA

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) eru hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða og aðra þá einstaklinga sem hafa viðurkennt mat Færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrýmum sbr. reglugerð nr.1000/2008.

ÖA eru rekin af Akureyrarbæ samkvæmt sérstökum samningi við heilbrigðis- og velferðarráðuneyti og starfa á grundvelli laga, reglugerða og kröfulýsinga um öldrunarþjónustu. Meðal tilvísaðra laga skal helst nefna:

- lög um málefni aldraðra nr. 125/99
- lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008
- lög um sjúkraskrár nr. 55/2009

ÖA starfar samkvæmt stefnu Akureyrarbæjar um þjónustu og starfsmannamál sbr. *Þjónustustefnu, Mannauðsstefnu og Jafnréttisáætlun.*

Hlutverk Öldrunarheimila Akureyrar

Er að veita heildstæða þjónustu allt frá félagsstarfi, dagþjónustu og almennri umönnun til sérhæfðrar hjúkrunar- og lækniþjónustu. Stuðningur og samstarf við íbúa og fjölskyldur þeirra er órjúfanlegur þáttur þjónustunnar. Á ÖA er einnig boðið upp á hvíldarinnlagnir, endurhæfingu og ýmsa aðra stoðþjónustu.

Gildi Öldrunarheimila Akureyrar eru grundvölluð á Eden hugmyndafræðinni

Umhyggja - Virðing – Samvinna - Gleði

Umhyggja felst í virðingu fyrir manneskjunni sjálfri, sjálfræði hennar og velferð og endurspeglast í góðri samvinnu milli starfsfólks, íbúa, aðstandenda og annarra notenda þjónustunnar. Gleðin er í senn uppspretta og afrakstur uppbyggilegra samskipta. Augnblikið er tækifæri sem þarf að nýta.

ÖA starfa eftir Eden hugmyndafræðinni sem miðar að því að koma í veg fyrir **einmanaleika, vanmáttarkennd og leiða** hjá íbúum og stuðla að innihaldsríku og

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

gefandi lífi allt til æviloka. Jákvætt starfsumhverfi sem grundvallast á virðingu og heilindum er lykilforsenda þess að Eden hugmyndafræðin skili sem bestum árangri.

Framtíðarsýn Öldrunarheimila Akureyrar:

Er að vera leiðandi í hjúkrunar- og öldrunarþjónustu á Íslandi þar sem öll umönnun, almenn sem sérhæfð byggir á fræðilegum grunni, fagmennsku og heilindum og þar sem hugmyndafræði Eden verði í hvívetna höfð að leiðarljósi.

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar og langtímaáherslur:

- Að vinna eftir og viðhalda Eden hugmyndafræðinni.
- Að fá á árinu 2013 alþjóðlega viðurkenningu sem Eden heimili.
- Að jákvætt starfsumhverfi, virðing og stuðningur laði að hæfasta starfsfólkið til starfa við ÖA.
- Að koma á formlegu samstarfi við háskóla og stuðla þannig að nýsköpun og þróun með rannsóknum og fræðilegri eflingu.

Stefnumið Öldrunarheimila Akureyrar:

Til að ná fram stefnu ÖA eru eftirfarandi stefnumið skilgreind:

Stefnumið 1 - Þjónusta

Að veita heildstæða hjúkrunar- og öldrunarþjónustu sem byggir á fræðilegum grunni og stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa og annarra þjónustuþega.

Framkvæmd:

ÖA er heimili þeirra sem þar búa. Í því felst meðal annars að íbúi tekur ábyrgð á lífi sínu eins og kostur er og hefur hlutverki að gegna á sínu heimili. Lögð er áhersla á að hverfa frá stofnanabrag og skapa heimilislegt umhverfi og aðstæður í samvinnu við íbúa og aðstandendur. Íbúar eiga að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í daglegu lífi eins lengi og áhugi og geta leyfir. Markmiðið er að stuðla að innihaldsríku og gefandi lífi allt til æviloka.

Læknar ÖA bera skilgreinda ábyrgð á læknismeðferð hvers íbúa og hjúkrunarfræðingar skipuleggja umönnun íbúa og setja fram hjúkrunaráætlun. Í því felst m.a. að safna gögnum og nauðsynlegum upplýsingum til að fá heildarsýn yfir líkamlega, sálræna og

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

félagslega heilsu viðkomandi. Þeir sem veita þjónustuna geta verið hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, iðjuþjálfar, annað fagfólk eða ófaglært starfsfólk við umönnun, allt eftir því hver þörfin er hverju sinni. Fagleg meðferð er veitt eftir fremsta megni samkvæmt viðurkenndum klínískum leiðbeiningum og samhæfðir verkferlar liggja til grundvallar allri umönnun, eftir því sem við á.

Markmiðasetning:

- Að þjónustan uppfylli sett árangursviðmið samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum.
- Að heimilið hafa ávallt á að skipa sérfræðingum á sviði öldrunarfræða sem og á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda.
- Að hlutfall fagmenntaðra fari ekki undir viðmið leiðbeiningarstaðla Landlæknisembættisins um æskilega mönnun á hjúkrunarheimilum.
- Að a.m.k. 90% íbúa og annarra þjónustuþega ÖA séu mjög ánægðir með þjónustuna samkvæmt viðhorfskönnun sem framkvæmd verði annað hvert ár samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum.
- Að a.m.k. 90% aðstandenda íbúa ÖA séu mjög ánægðir með þjónustuna samkvæmt viðhorfskönnun sem framkvæmd verður annað hvert ár samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum.

Stefnumið 2 - Mannauður

Að laða til sín framúrskarandi og áhugasamt starfsfólk sem er tilbúið að starfa samkvæmt gildum ÖA og leggur metnað sinn í að mæta þörfum íbúanna og uppfylla árangursviðmið þjónustunnar.

Framkvæmd:

Forsenda þess að ÖA laði til sín hæfasta starfsfólkið er að skapa jákvætt starfsumhverfi sem grundvallast á virðingu, umhyggju og stuðningi. Þjálfun og fræðsla eru lykilþættir þar sem skilgreindir verkferlar og umboð til athafna haldast í hendur. ÖA leggur sérstaka áherslu á að allt starfsfólk tileinki sér lausnamiðað viðhorf og lipurð í viðmóti og verki, þekki hlutverk ÖA og starfi eftir gildum þess. ÖA hvetur til sí- og endurmenntunar

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

starfsfólks og að starfsfólk miðli þekkingu sinni til annars starfsfólks með formlegum eða óformlegum hætti.

Markmiðasetning:

- Að allir starfsmenn ÖA þekki gildi ÖA samkvæmt könnun meðal starfsmanna.
- Að starfsmenn vinni í samræmi við gildi ÖA samkvæmt viðhorfskönnun meðal íbúa, aðstandenda og annarra þjónustuþega.
- Að a.m.k. 90% starfsfólks ÖA sé ánægt/mjög ánægt í starfi samkvæmt viðhorfskönnun sem framkvæmd er annað hvert ár samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum.
- Að starfsmannavelta sé á bilinu 12-15%.
- Að auka hlut karla í umönnunarstörfum hjá ÖA.
- Að allt nýtt starfsfólk fái á fyrsta ári þess í starfi formlega fræðslu samkvæmt fræðsluáætlun ÖA um Eden hugmyndafræðina og hlutverk ÖA
- Að framhaldsnámskeið í Eden hugmyndafræðinni séu haldin annað hvert ár.

Stefnumið 3 – Rekstur

Að heimilin séu rekin á sem hagkvæmastan hátt og ávallt innan fjárhagsramma. Einnig að stjórnskipulag og ábyrgðasvið séu skýr.

Framkvæmd:

Skilgreindir verkferlar og skilvirk nýting mannafla stuðla að hagvæmni í rekstri. Gerðar verða nákvæmar fjárhagsáætlanir og reglulegur samanburður á rauntölum og áætlunum til að hægt sé að meta árangur og miðla honum til hagsmunaðila.

Markmiðasetning:

- Að sérhver eining á ÖA sé rekin innan þess fjárhagsramma sem henni er settur.
- Að full nýting rýma sé ávallt tryggð.
- Að gerður sé samanburður á rauntölum og áætlun ársfjórðungslega.

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

Stefnumið 4 - Stöðug þróun

Að þjónusta ÖA sé í hæsta gæðaflokki og veitt samkvæmt bestu þekkingu á hverjum tíma.

Framkvæmd:

Lausnamiðað viðhorf og metnaðarfullt starfsumhverfi sem hvetur til viðvarandi umbóta og þróunar og að öll þjónusta byggji á fræðilegum grunni.

Markmiðasetning:

- Að þróa og gefa út gæðahandbók, sem tekur til allra heimila og starfseininga og felur í sér skilgreind árangursviðmið ÖA.
- Að gæðahandbókin sé endurskoðuð árlega með aðkomu starfsfólks.
- Að lokið verði við að þróa og vinna eftirfarandi þætti og þeir gerðir aðgengilegir öllu starfsfólki með formlegum hætti fyrir árslok 2014.
 - Verkferlar fyrir öll helstu þjónustuferli
 - Klínískar leiðbeiningar fyrir sérhæfða verkþætti.
- Að koma á formlegu samstarfi við háskólastofnun innan tveggja ára (2015) og stuðla þannig að eflingu á rannsóknum og fræðilegu starfi.
- Að velferðar- og upplýsingatækni verði eflað og gerð íbúum og starfsfólki aðgengileg í lífi og starfi.
- Að allir kaupendur þjónustunnar (Velferðarráðuneytið, Akureyrarbær, Háskóli) mælist ánægðir eða mjög ánægðir með samningsbundið samstarf við ÖA um öldrunarþjónustu, samkvæmt viðhorfskönnun (úttekt) sem framkvæmd er annað hvert ár samkvæmt viðurkenndum matsaðferðum.
- Að fræðsluáætlun ÖA sé endurskoðuð árlega út frá þarfagreiningu og með þátttöku fulltrúa starfsfólks.

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

Skorkort Öldrunarheimila Akureyrar

Í skorkortinu eru settar upp sömu viddir og í stefnukorti þ.e. „Þjónusta“ „Mannauður“ „Rekstur“ og „Þróun, gæði og verkferlar- stöðug þróun“ .				
Þjónusta				
Markmið	Mælikvarði	2012	Markmið	Raun 2013
Sérfræðipækking	Fjöldi sérfræðinga á sviði öldrunarvísinda sem og heilbrigðis- og félagsvísinda.	6	8	
Fagmenntun	Hlutfall fagmenntaðra skv. leiðbeinandi viðmiðum Landlækniseimbættisins	52%	60%	
Ánægja íbúa	Hlutfall skjólstæðinga sem eru ánægðir með þjónustuna	ekki metið	x > 90%	
Ánægja aðstandenda	Hlutfall aðstandenda sem eru ánægðir með þjónustuna	ekki metið	x > 90%	
Árangur þjónustu	Uppfyllt árangursviðmið skv. skilgreindum gæðavísnum (undirmarkmið)			
	-byltur	15%	12%	
	-notkun níu lyfja eða meira	62%	52%	
	-heildarfjöldi atvika (atvikaskráning)	444	380	
	-þar af lyfjaatvik	105	90	
	-verkir (á skala 0-3)	1,54	1,45	
	-bunglyndiseinkenni	68%	60%	
Mannauður				
Markmið	Mælikvarði	2012	Markmið	Raun 2013
Ánægja starfsfólks	Hlutfall á starfsfólks sem skv. viðhorfskönnun er mjög ánægt í starfi	83%	x > 90%	
Þekking starfsfólks á hugmyndafræði og gildum ÖA	Hlutfall af fjölda starfsfólks sem skv. viðhorfskönnun þekkir gildi ÖA	ekki mælt	x = 95%	
Viðurkenndir starfshættir	Hlutfall af fjölda starfsfólks sem skv. viðhorfskönnun vinnur eftir stefnu og gildum ÖA (kvarði 1-5)	3,73	4	
Hæfir starfsmen	Hlutfall starfsmanna sem skv. viðhorfskönnun telja að samstarfsfólks leggi sig fram í starfi	4,27	4,5	
Stöðugleiki í starsmannahaldi	Starfsmannavelti í %	19.3%	15%	
Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem skv. viðhorfskönnun telja starfsumhverfi á ÖA vera jákvætt og hvetjandi	4,01	4,3	
Jafnari kynjaskipting	Hlutfall karla við umönnunartörf hjá ÖA verði aukið.	3%	8%	
Rekstur				
Markmið	Mælikvarði	2012	Markmið	Raun 2013
Góð nýting og stýring fjármuna	Hlutfall starfseininga ÖA sem reknar eru innan fjárhagsramma	85%	90%	
	Samanburður á fjárhagsáætlun og rauntölum	4 x á ári	4 x á ári	
	Nýting rýma í hvílarinnlagna á ársgrundvelli	100%	100%	
	Nýting dvala- og hjúkrunarrýma ársgrundvelli	100%	100%	
	Nýting dagþjónusturýma	100%	100%	
	Launagjöld ÖA samkvæmt áætlun	99,25%	100%	
	Önnur rekstrargjöld ÖA samkvæmt áætlun	98,75%	100%	
Stöðug þróun og gæði				
Markmið	Mælikvarði	2012	Markmið	Raun 2013
Þjónustugæði	Skilgreind árangursviðmið fyrir allar starfseiningar ÖA	í vinnslu	Gæðahandbók tilbúin 1. jan 2014	
	Reglubundin endurskoðun á Gæðahandbók ÖA	í vinnslu	1x á ári	
Skýrir verkferlar	Skilgreindir verkferlar fyrir alla helstu þjónustubætti	í vinnslu	Tilbúið 2014	
Virk þátttaka starfsfólks í þróun	Hlutfall starfsfólks sem skv. viðhorfskönnun telur sig hafa tækifæri til að koma að þróun þjónustunnar	3,7	3,9	
Virk þátttaka starfsfólks í sí- og endurmenntun	Hlutfall starfsfólks sem hefur á fyrsta ári í starfi fengið formlega fræðslu um Eden hugmyndafræðina, gildi og stefnu ÖA	ekki mælt	90%	
Markviss fræðsla	Endurskoðun á fræðsluáætlun ÖA út frá þarfagreiningu og með þátttöku starfsfólks, skjólstæðinga og aðstandenda.	1x á ári	1x á ári	
Efling á rannsóknnum og fræðilegu starfi	Formlegt og stefnubundið samstarf við háskólastofnun	í vinnslu	Komið á 2013	
Efling á velferðar-og upplýsingatækni til íbúa	Íbúar sem hafa eiga eða hafa aðgang að tölvu	36%	50%	

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar

Vinnuferli, afgreiðsla og breytingar

Tillaga þessi er unnin í febrúar til júní 2013 af:

Halldór S. Guðmundsson, Helga G. Erlingsdóttir, Bryndís Björg Þórhallsdóttir, Friðný
Sigurðardóttir og Hrefna Brynja Gísladóttir

Tillaga kynnt deildarstjórnnum ÖA í ágúst/sept. 2013.

Lagt fyrir félagsmálaráð 25. sept. 2013.

Kynnt fyrir notendaráði 25. sept. 2013

Samþykkt í félagsmálaráði 25. sept. 2013

Kynning og dreifing

1. Skjal sett á opið innra gagnasvæði
2. Birt á heimasíðu ÖA,
 - a. Sem frétt og
 - b. Skjal undir flípanum gæðamál og þróunarstarf
3. Kynnt á fundum deildarstjóra og starfsfólks á næstu vikum/mánuðum
4. Yfirfarið á fundum stjórnenda a.m.k. fjórum sinnum á ári
5. Endurskoðað 2014
6. Ábyrgð: Framkvæmdastjóri og stjórnendur ÖA